

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á fuglseggjum og afurðum þeirra.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðauka III A við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tímabil innflutnings, vörumagn, verð- og magntoll:

Tollskrárnúmer	Vara	Tímabil	Vörumagn kg 38.000	Verðtollar %	Magntollar kr./kg
0407	Fuglseggi, í skurn, ný, varin skemmdum eða soðin:				
	<i>Frjóegg til útungunar:</i>				
0407.1100	Af hænsnum af tegundinni <i>Gallus domesticus</i>	01.01.-30.06.14		0	143
0407.1900	Önnur	01.01.-30.06.14		0	143
	Önnur fersk egg:				
0407.2100	Af hænsnum af tegundinni <i>Gallus domesticus</i>	01.01.-30.06.14		0	143
0407.2900	Önnur	01.01.-30.06.14		0	143
0407.9000	Önnur	01.01.-30.06.14		0	143
0408	Fuglseggi, skurnlaus, og eggjarauða, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða varið skemmdum með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:				
	<i>Eggjarauða:</i>				
0408.1100	Þurrkuð	01.01.-30.06.14		0	603
	Önnur:				
0408.1901	Gerilsneyddar eggjarauður með 7% saltinnihaldi, í 5 kg umbúðum eða stærri	01.01.-30.06.14		0	160
0408.1909	Annars	01.01.-30.06.14		0	160
	<i>Annar:</i>				
0408.9100	Þurrkað	01.01.-30.06.14		0	603
	<i>Annars:</i>				
0408.9901	Soðin egg, í 10 kg umbúðum eða stærri	01.01.-30.06.14		0	160
0408.9909	Annars	01.01.-30.06.14		0	160

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2014.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. desember 2013.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Rebekka Hilmarsdóttir.